

Námskeið 2. október 2013 í Vinaskógi.

Þann 2. október 2013 var haldið námskeið í Vinaskógi á vegum þróunarverkefnisins Gullanna í grenndinni. Þátttakendur kynntust fjölbreyttum kennsluaðferðum úti í náttúrunni. Björn B. Jónsson frá Suðurlandsskógum var með fræðslu um fræ og fræsöfnun. Ólafur Oddsson annar verkefnisstjóri verkefnisins fræddi þátttakendur um ferskar viðarnytjar í nærumhverfi og fór yfir grunnþætti tálgunar. Anna Skúladóttir kennari í Ártúnsskóla kynnti samþættingu námsgreina í útinámi fyrir þátttakendum.

Þema verkefnisins í vetur er trén í skóginum. Verkefni námskeiðisins tengdust öll þemanu og verður gaman að nálgast, kynnst og afla fróðleiks um trén i skóginum með ólíkum kennsluaðferðum.

Hér fyrir neðan eru nokkrar myndir frá námskeiðinu.



Fróðleikur um fræ og fræsöfnun



Farið yfir grunnþætti tálgunar



Anna Skúladóttir fræðir þátttakendur um ólíkar kennsluaðferðir



Margar góðar hugmyndir

